

Verkefni

- 1** Hvað er hagfræði?
- 2** Hver eru meginviðfangsefni hagfræðinna?
- 3** Hvers vegna er þörf fyrir hagfræði?
- 4** Hvers vegna er gagnlegt að kunna skil á helstu hugtökum hagfræðinna og tengslum helstu þjóðhagsstærða þó að menn hyggi ekki endilega á frekara nám í hagfræði eða viðskiptafræði?
- 5** Hver er meginmunurinn á þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði?
- 6** Hvaða störfum gegna hagfræðingar?
- 7** Hvers vegna túlka ólikir aðilar efnahagsástandið og nauðsyn ólikra efnahagsráðstafana á mismunandi hátt? Útskýrðu svar þitt með raunverulegu dæmi úr íslensku efnahagslifi.
- 8** Almenningur hættir að kaupa godstrykki og sælgæti og tekur upp heilsusamiegri lífnaðarhætti. Við göngum og hjólum í skólanum eða vinnuna í stað þess að nota einkabilinn og kaupum okkur hollan mat í hádeginu eða höfum með okkur gott nesti. Hvaða áhrif hefur þetta á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf bæði til skamms tíma og einnig þegar til lengri tíma er litid?
- 10** Hvers vegna snýst umræðan um stjórmál aðallega um efnahagsmál?

Hvernig verða tekjurnar til?

2

Hagfræðin fjallar eins og áður sagði um það hvernig við sjáum okkur farborða. Til að geta lisað sómasamlegu lífi, eins og það er stundum kallað, þurfum við að geta greitt fyrir afnot af húsnæði og fett okkur og klætt. Auk þess þurfum við að greiða fyrir hita og rafmagn, og greiða þarf leikskólagjöld og borga símaréikninga, skólagjöld, skólabaetur, lyfjakostnað og annan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu. Enn er ótalinn rekstur og kaup á bifreiði, en sá útgjaldalíður vegur þyngra í útgjöldum íslenskra heimila en maturinn.

Á mynd 2.1 sjáum við hvernig neyslan skiptist hlutfallslega á árunum 2004–2006.¹ Neysla er orð sem hagfræðin notar yfir eyðslu eða útgjöld heimilanna í landinu.


Til þess að geta greitt allt þetta þurfum við að afla tekna. En hvað eru tekjur? Talað er um heildartekjur. Þá er átt við allar tekjur sem aflað er fyrir skatta og önnur gjöld sem atvinnurekendur eða fjármálastofnanir eiga lögum samkvæmt að halda eftir af tekjunum okkar. Það sem eftir er kallast ráðstöfunartekjur.

Heildartekjum er skipt í fjóra flokka eftir því hvernig þeirra er aflað. Heildartekjur = launatekjur + leigutekjur + vaxtatekjur + arðgreiðslur

Launatekjur

Algengast er að menn aflí sér tekna með því að stunda launavinnu hjá fyrirtæki

Mynd 2.1 Útgjöld heimilanna árin 2004–2006.



¹ Hagtindindi 2007:7, sísl. 2

Ráðstlöfunartekjur launþega eru launatækjur að fradregnum tekjuskóttum, útsvari, lifeyrissjóðsgjöldum og stéttarfélagsgjaldi.

eða stofnun. Greiðslur fyrir launavinnu kóllum við kaup eða laun. Þessi laun notum við síðan til þess að greiða þann kostnað sem fylgir því að sjá sér og sínum farborða.

Haegt er að afla tekna á annan hátt en með launavinnu. Pessar tekjur eru kallaðar eignatekjur og eru t.d. leiga, vextir eða arður. Þá nota menn eignir sínar í þeim tilgangi að hafa af þeim tekjur. Fáir einstaklingar í okkar þjóðfélagi lífa einvörðungu af eignatekjunum.

Leiga

Eignatekjur kallast leiga þegar menn leiga öðrum afnot af eignum sínum. Dæmi um eignir sem menn leigja út eru fasteignir, laxveiðíar, jardýtur, sumarbústaðalönd, brúdarkjólar eða nánast hvað sem er.

Vextir

Tekjur af peningaeignum, t.d. skuldabréfum eða innistaðum á bankareikningum, kallast vextir.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur eru tekjur sem menn hafa af hlutabréfum sem þeir eiga í fyrirtækjum. Ef fyrirtæki eru rekin með hagnaði er þessi hagnaður eða hluti hans greiddur út til eigenda fyrirtækjanna og þá verða til tekjur sem kallast arðgreiðslur eða arður.

Tengsl sölutekna og arðgreiðslna

Fyrirtæki og stofnanir afla sölutekna þegar þau selja vörur eða þjónustu sem þau framleiða, flytja inn eða dreifa. Þeir sem selja framleiðslu sína draga síðan frá sölutekjunum öll gjöld fyrirtækisins. Gjöld fyrirtekja eru margs konar, t.d. launakostnaður, hræfniskostnaður, húsaleiga, afskriftir, vaxtakostnaður og skattgreiðslur. Ef þessi gjöld eru lægri en sölutekjurnar myndast hagnaður í fyrirtækini. Ef hagnaðurinn er greiddur út heitir hann arðgreiðslur. Einstaklingar og fyrirtæki geta einnig haft hagnað af sölu eigna, t.d. þegar fasteignir eða hlutabréf hækka í verði og eru seld með hagnaði.

Einkaneysla og samneysla

Fyrirtæki og einstaklingar, sem hafa tekjur af launum, eignum eða rekstri, þurfa að greiða skatta, t.d. tekjuskatt, útsvar og fjármagnstejkjuskatta, til ríkisins eða til þess sveitarfélags þar sem þeir eiga lögheimili. Aðalskatttekjurnar fást af neysluskóttum, t.d. virðisaukaskatti, sem við greiðum nánast í hvert einasta skipti sem við kaupum einhverjar vörur eða þjónustu. Opinberir aðilar, þ.e. ríkið og sveitarfélögini, nota síðan tekjur sínar af sköttum til að sjá þegunnum fyrir vörum og þjónustu, annaðhvort endurgjaldslaus eða á verði sem oftast er langt undir kostnaðarverði.

Dæmi um þjónustu af þessu tagi eru snjómokstur, götulýsing, skólaganga barna og unglinga og heilbrigðispjónustan. Þessi þjónusta er kölluð samneysla því að hún er látin þegunum í té án tillits til kaupgetu þeirra. Mikilvægi samneyslunnar birtist okkur m.a. á þann hátt að her á landi geta fátekir og ríkir legið hlið við hlið á sama sjúkrahúsi og notið þar sömu þjónustu án nokkurs endurgjalds verði þeir fyrir slysi eða greinist með alvarlegan sjúkdómd.

Stundum er haft á orði að samneyslan endurspeglir hversu mannúðlegt hvert þjóðfélag sé. Í samfélagi sem ber hag allra þegna þjóðfélagsins fyrir brjósti er að sjálfsögðu meiri samneysla en í samfélagi sem telur að hver og einn eigi fyrst og fremst að bera ábyrgð á eigin þörfum. Viðhorf fólks til samneyslunnar hefur breyst nokkuð hér á landi í kjölfar aukinna tekna og vaxandi umræðu um óhóflega skattheimtu og umdeilda verkefnaskiptingu hins opinbera og einkaaðila. Þessi umræða er mjög þörf, einkum ef hún verður til þess að stjórnmalamenn forgangsraði verkefnum opinberra aðila með virkri þátttöku almennings.

Íað vill stundum gleymast að allir geta þurfst að hjálpa samfélagsins að halda, jafnvæl þeir sem eru með góðar tekjur og eiga miklar eignir. Óhöpp, sjúkdómar og slys gera ekki boð á undan sér. Hvorki börn né gamalt fólk aflar tekna og hafa því fá eða engin atkvæði á markaðnum. Aldraðir, sem lagt hafa grunninn að því ríka samfélagi sem við byggjum, eiga kröfu á að

Flestir þekkja söguna um hann Palla sem var einn í heiminum og gat eignast allt sem hugurinn gjentist. Í heimi Palla var hagfræðin aldellið óþórf því að þar var miklu meira en nóg af öllum veraldlegum gæðum. Palli þurfti ekki að skipta því sem til var með neimum öðrum. En við erum sem betur fer ekki ein í heiminum.

Framleiðslunni er skipt í vörur og þjónustu. Vara er öll sú framleiðsla kólluð sem hægt er að handleika eða snefta. Þjónustuna er ekki hægt að snerta en menin eru samt tilbúnir til að greiða fyrir hana því að barnagæsla, menntun, hárlíkning, tónleikar, leikhús og heilbrigðispjónusta eru mismunandi þjónusta sem við viljum ekki vera án. Allt það sem einstaklingar, fyrirtakir og opinberir aðilar eru tilbúnir að greiða fyrir kallast framleiðsla og þá skiptir engu hvort um er að ræða vörur eða þjónustu.

þeim séu búin mannsæmandi kjör að loknu löngu dagsverki. Því betur sem samfélagið býr að börnum og unglungum því meiri verða möguleikar þeirra til að byggja upp sterkt og öflugt efnahagslif í framtíðinni. Fjárfesting í mannaði er fjárfesting til framtíðar öllum til handa.

Þegar fólk eyðir tekjum sínum til kaupa á vörum og þjónustu sem seldar eru á markaði í verslunum eða í öðrum fyrirtækjum þá kallast slik eyðsla einkaneysla. Verð og ráðstöfunartekjur ráða mestu um hversu mikil hver og einn getur keypt. Þetta kallast „kaupmáttur ráðstöfunartekna“. Þeir tekjuhærri geta keypt meira, aðrir minna og sumir alls ekki neitt.

Framleiðsluþættir

Í hverju þjóðfélagi er til takmarkað magn svokallaðra framleiðsluþættar. Framleiðsluþætti köllum við allt það sem notað er í framleiðslunni. Framleiðslunni er skipt í vörur, t.d. braud og smjör, og í þjónustu, t.d. bíslaviðgerðir og tannlæknigar. Ef til væru endalausir framleiðsluþættir yrði aldrei skortur á neinu og fátaðt fólk um allan heim þyfti þá aldrei að velja á milli þess að kaupa mat eða skólagöngu fyrir börnin sin. Hér á landi þýrfum heldur ekki að ákveða hvort við ættum að kaupa okkur Skoda eða Benz. Við gætum keypt þá báða því tekjur okkar væru endalausar. Allir hefðu efní að kaupa það sem þeir vildu. Það væri enginn skortur á neinu.

Framleiðsluþáttunum er oftast skipt í fjóra flokka:

Vinnuaflið

Fyrsti framleiðsluþátturinn, vinnuaflið eða mannaflinn, eru allir þeir kraftar, þeir líkamlegir og andlegir, sem búa í mannum og nota má í framleiðslunni. Árið 2007 var vinnuaflið hér á landi 181.500 manns, skv. upplýsingum Hagstofunnar². Með aukinni menntun og fræðslu á öllum skólastigum aukast verðmæti og

² Sjá vef Hagstólu Íslands, Atvinnuþáttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi – árstölur 1997–2007.

afköst vinnuflsins. Þetta verðmæti eykst einnig með aukinni þjálfun, endurmenntun og simenntun þeirra sem komnir eru út á vinnumarkaðinn. Verðmæti og afköst vinnuflsins aukast enn fremur með bættri heilbrigðispjónustu og alls konar forvarnarstarfi sem betur heilsufar þjóðarinnar. Síðast en ekki síst aukast afköst vinnuflsins með hollari lifnaðarháttum, bættum húskynnum og bætta mataræði.



Fjármagn

Annar framleiðsluþáttur er fjármagnið en það kallast allt það sem mennirnir hafa skapað í þeim tilgangi að auðvelda sér framleiðsluna. Þetta eru verksmiðjur, vélar, skip, flugvélar, orkuveitir, vatnsveitir, hafnir, flugvelli, vegakerfi, skólar og sjúkrahús, svo fátt eitt sé nefnt. Mikil af þessu fjármagni hefur verið framleitt og kostað af opinberum aðilum en er notað endurgjaldslauft af fyrirtækjum landsins, jafnt opinberum stofnunum sem einkafyrirtækjum. Fjárfestingar auka fjármagnið í landinu og þar með framleiðslugetuna og afköst vinnuflsins. Menn þurfa ekki að velta því lengi fyrir sér hversu miklu lengri tíma það tæki að byggja hús ef hvorki væru til skurðgröfur né byggingakranar.

Þriðji framleiðsluþátturinn er náttúruauðlindirnar en það eru öll þau gæði sem náttúran hefur fært okkur á silurfati. Þetta eru fiskimiðin, vatnsaflid, jarðhitinn, allt rektanlegt land, náttúrufegurðin, hreina loftið, sjórimn, vótnin og árnar, svo og kyrriðin og friðurinn á fjöllum sem sumir þrá svo heitt þegar streita neyslusamfélagsins ætlar alveg að gera út af við þá. Ðessi síðast-nefndu verðmæti verða því mikilvægari þeim mun ríkari sem við verðum. Hátt verð og mikil eftirspurn eftir sumarbústadalöðum og jördum utan þéttbýlis, svo og aukinn straumur erlendra ferðamanna hingað í leit að óspillri náttúru segir sína sögu.

Náttúruauðlindir

Fjórði og síðasti framleiðsluþátturinn er stjórnun og skipulagning. Það fer að sjálfssögðu eftir þeirri hagkvæmni, tekní og alúð sem beitt er í rekstri fyrirtækja og stofnana hversu vel tekst til við að nýta fjármagnið, náttúruauðlindirnar og mannaðinn í leit að

Stjórnun og skipulagning



betri lífskjörum. Afköst vinnuafslins ákvardast ekki eingöngu af menntun, þjálfun og heilsufari eða því fjármagni sem fyrirtækjöld hefur til ráðstöfunar. Andinn á vinnustaðnum, skipulagning vinnunnar, umhverfið, launakerfið, lengd vinnulotna, viðhorf stjórnenda til samstarfsmanna sinna og það öryggi sem starfsfólk býr við á vinnustæð – allt hefur þetta áhrif á afköstn eða, með öðrum orðum, á það magn og þau verðmáti sem folk með ákveðið fjármagn milli handanna getur skapað hverju sinni.

Skortur og val

Þar sem þarfir og langanir fólks virðast nær ótakmarkaðar og vegna þess að einungis er til takmarkað magn framleiðsluþáttá á hverjum tíma þá verður alltaf til skortur á vörum og þjónustu. Mennirnir vilja yfirleitt alltaf eignast meira af vörum og þjónustu en mögulegt reynist að framleida.

Neytendur neyðast til þess að velja hvaða vörur þeir kaupa því að þeir hafa takmörkuð auraráð. Framleiðendurnir neyðast líka til að velja vegna skorts á framleiðsluþáttum. Þeir verða að ákveða hvaða vörur eða þjónustu á að framleida, þ.e. til hvaða framleiðslu þeir eigi að nýta það takmörkuðu framleiðsluþátti sem þeim standa til boda. Ein harðvítugasta deila seinni ára í íslensku samfélagi snerist einmitt um val á nýtingu náttúruauðlindanna við Kárahnjúka. Stjórnvöld vildu virkja við Kárahnjúka og fórn landi undir virkjun sem framleiðir rafmagn

til áframleiðslu. Náttúruverndarsinnar vildu nýta landið sem þjóðgarð fyrir almenning í nútíð og framtíð. Þeir vildu fóma áframleiðslu fyrir landsvæði sem þeir töldu ómetanlega náttúruperlu.

Vegna skorts á framleiðsluþáttum vakna alltaf spurningar á borð við þessar: Til hvers á að nýta vatnsaflíð á hálandinu? Á að nýta rafmagnið til að framleida ál eða eigum við að nýta það til heimilisnota? Ættum við e.t.v. að nýta hálandið sem þjóðgarð? Það er skortur á auðlindum og því verðum við að velja.

Einfalt líkan af hagkerfinu – framleiðsluþáðarinn


Hagkerfið og starfsemi þess er flókið fyrirbæri og hagfræðingar, rétt eins og aðrir sem rannsaka flókin fyrirbæri, búa til einföld líkön af flóknum veruleika til að reyna að varpa ljósi á þau ein-kenni hagkerfisins sem mikilvægust teljast þegar leitast er við að skyra gangverk efnahagslífsins.

Eitt slíkt líkan er framleiðsluþáðarinn sem sýnir hámarksframleiðslugetu í þjóðfélagi sem framleiðir einungis tver vörur, t.d. kjöt og fisk. Þetta litla hagkerfi þarf að leysa sömu vandamál og raunverulegt hagkerfi. Það býr t.d. við takmarkaða framleiðsluþátti. Við getum hugsað okkur að það hefði yfir að ráða vinnuafi sem væri alls 181.500 vinnuærir menn. Ef allt þetta vinnuafi veiðir og vinnur úr fiski þá getur fiskframleiðslan í mesta lagi orðið magnið OA á einu ári, sjá mynd 2.2. Hér er ekkert kjöt framleitt því að allt vinnuafið er nýtt í sjávarútvegi. Væri vinnuafið á hinna bögginn allt nyttr við landbúnaðarstörf og allir sem vettlingi gætu valdið stunduð sauðfjárrækt gæti kjöt framleiðslan orðið mest OB.

OB er það kjöt sem hægt er að framleiða í landinu á ári ef allt vinnuafið leggur stund á sauðfjárrækt. Allir punktar á kúrvunni AB, sem er framleiðsluþáðarinn, eru hugsanleg framleiðsla af þorski og lambakjöti í þessu hagkerfi þegar allt vinnuafið 181.500 manna hefur atvinnu af fiskveiðum eða fjárbúskap.

Allir punktar innan kúrvunnar AB, t.d. punkturinn C, sýna vannýttu framleiðsluþátti eða atvinnuleysi. Hér sést

Mynd 2.2
Framleiðsluþáðarinn





Hornfir Fögruhverir,
þar er nú Hágóngulón.

Náttúrufegurðin við
Kárahnjúka eru ómetan-
ieg verðmæti. Þetta
eru verðmæti sem
veita okkur og komandi
kynsiðum ánægju og
gjöld um ókoma tíð.
Náttúrufegurð laðar að
ferðamenn og skapar
tekjur til framtíðar. Áver
veita fólk vinnu og bæta
lifskjör peirra, sem par
vinna og skapa auk þess
önnur störf sem áverum
tengast. Það er vandi
að velja.


greinilega hvers vegna atvinnuleysi er afar óskynsamlegt. Við hugsum stundum um atvinnuleysi sem ból sem snerti fyrst og fremst þá sem eru atvinnulausir og geta ekki sér og fjölskyldum sínum farborða á sómasamlegan hátt. En á myndinni sjáum við að atvinnuleysið leiðir til þess að minna er framleitt í þjóðfélaginu og því er minna til skiptanna fyrir alla þegna þjóðfélagsins á atvinnuleysistímum. Lífskjör allra skerðast á atvinnuleysistímum – ekki bara hinna atvinnulausa.

Allir punktar utan kúrvunnar AB eru óhugsandi miðað við nýverandi magni framleiðslupáttá. Við eignum einfaldlega ekki nágu mikil vinnafl til að framleiða meira af bæði fiski og kjöti í einu. Við getum auðvitað flutt inn fólk frá öðrum löndum eins og gert var við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og eins og gert hefur verið áratugum saman í sjávarplássum þar sem vantað hefur fólk til að vinna í fiski. Aukning framleiðslugetunnar frá kúrvunni AB í kúrvuna EE, sjá mynd 2.3, kallast hagvöxtur og hann næst aðeins ef einhver eða einhverjir framleiðsluþáttanna hafa aukist eða batnað. Punktinum D verður aðeins náð með enn

meiri hagvexti. Hagvöxtur er því ekki annað en aukning á framleiðslugetunni við fulla atvinnu.


Nýja kúrvan EF varð til, eins og áður sagði, vegna aukinna eða bættra framleiðsluþáttá. Bættr framleiðsluþáttir gætu t.d. verið betur menntað vinnafl eða fullkomnari vélar. Hvort tveggja eykur afköst vinnaflsins og gerir því kleift að framleiða meira magn en áður var mögulegt. Ef við erum stödd einhvers staðar á kúrvunni AB, þar sem allir hafa vinnu, og viljum fá okkur frá punktinum G í punktinn H og auka kjötframleiðsluna í landinu, þá verðum við að draga úr framleiðslunni á fiski í staðinn því að hér er ekki vinnufl á lausu þar sem allir hafa atvinnu. Þetta magn af fiski, $A_1 A_2$, sem verður að fórra fyrir aukna kjötframleiðslu um $B_1 B_2$ við fulla atvinnu er kallað fórnarkostnaður. Í hvert sinn sem við tökum ákvárdanir um framleiðslu eða neyslu á ákvæðinni vörum erum við að fórra neyslu eða framleiðslu á annari vörum eða þjónustu í staðinn. Tekjur okkar og framleiðsluþáttir eru af skornum skammti. Fórnarkostnaðurinn er afleidning af skorti á vörum og framleiðsluþáttum og kemur viða við sögu í hagfræðinni.

Hér á landi er stundum talað um undirstöðuatvinnuveggina. Þá er átt við landbúnað og fiskveiðar. Árið 2007 starfaði aðeins 5,9% vinnaflsins hér á landi í frumvinnslugreinum en það eru þær greinar kallaðar þar sem unnið er beint úr náttúrunni. Afköst í landbúnaði og sjávarútvegi hafa aukist með stóra kinni nýtingu fjármagns í þessum atvinnugreinum. Skipastóll landsmanna er fullkomnari og betur búinn vélum og búnaði en nokkrum sinni fyrir og það sama má segja um vélar og annan búnað í landbúnaði. Stjórnmalamenn líta þessar greinar allt öðrum augum en aðrar atvinnugreinar hér á landi. Tekjur sjómanna eru t.d. skattlagðar á annan hátt en tekjur verkamanna við Kárahnjúka og framleiðslan á landbúnaðarvörum er afar vel varin fyrir samkeppni erlendis frá en íslenskur iðnaður þarf að keppa við innfluttar vörur á jafnréttisgrundvelli. Hvernig skyldi standa á þessari mismunun atvinnugreina?




Mynd 2.3
Framleiðsluþáðar

Undirstöðuatvinnuveggir
Frumvinnslugreinar

**Úrvinnslugreinar**

Úrvinnslugreinar eru þær greinar kallaðar sem vinna alls konar vörur úr hráefnum sem aflað hefur verið í frumvinnslunni, bæði hér á landi og erlendis. Fiskvinnsla, álbraðsla, byggingariðnaður, mjólkuriðnaður og rekstur veitna eru greinar sem teljast allar til úrvinnslugreina hér á landi og nýttu þær samtals 20,7% vinnuafslsins árið 2007.

**Þjónustan**

Þjónustan er svo þriðji flokkur atvinnustarfseminnar. Hér eru ekki framleiddar vörur heldur þjónusta. Þjónustugreinarnar eru verslun, veitinga- og hótelsektur, sangöngur, fjármálastarfsemi, tryggingsfélög, opinber þjónusta og margir konar önnur þjónusta. Árið 2007 starfadi um 73,3%³ vinnuafslsins í þjónustugreinunum enda er Ísland eitt af ríkustu löndum heims. Með auknum tekjum vex eftirspurna eftir þjónustu mjög hratt. Í næsta kafla ætlum við að kynnast helstu viðfangsefnum hagfræðinnar og komast að því hvaða spurningum hagfræðin leitast helst við að svara og hvers vegna.



³ Sjá vef Hagstofunnar. Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og landsvæði 1997-2007.

Verkefni

- 1 Teldu upp fjórar tegundir tekna og útskýrðu muninn á þeim. Hver er munurinn á einkaneyslu og samneyeslu?
- 2 Hverjir eru framleiðslupættirni, hvort er hlutverk þeirra og hvernig skiptum við þeim í flokka? Teiknaðu upp framleiðsluþáðar í litlu landi sem getur annaðhvort framleitt 20 jeppa eða 500 litra af mjólk á dag þegar allt vinnuaflið hefur fengið störf. Útskýrðu hvað framleiðsluþáðarinn sýnir. Sýndu á framleiðsluþáðinum hvað eru framleiddir að giska margir mjólkurlitrar þegar framleiddir eru 10 jeppar í landinu? Ef þú framleidiðir 5 jeppa í viðbót og eykur þannig jeppaframleiðsluna upp í 15 jeppa á dag, hvað verða þá mjólkurlitarnir margir sem hægt er að framleiða? Útskýrðu svar þitt. Skilgreindu síðan eftirfarandi hugtök: Atvinnuleysi, full atvinnna, hagvöxtur og fornarkostnaður og merku inn á grafið dæmi um þau öll. Hvernig tengjast hugtökini skortur og val í hagfræðinni?
- 3 Framleiðslugreinunum er skipt í þrjá flokka. Hverjir eru þeir? Skýrðu einkenni hvers og eins og taktu dæmi um sílkar greinar hér á landi. Hvað segja hlutfallstölur vinnuafsls sem starfar í hverri grein um mikilvægi einstakra greina? Hlutfali vinnuafslsins í ólíkum flokkum framleiðslugreina hefur breyst að mikil undanfarina áratugi. Hverjar eru helstu skýringar þeirrar þróunar?